

SAMNINGUR UM SAMSTARF MILLI VEGAGERÐARINNAR OG GARÐABÆJAR

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, annars vegar, og Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, gera með sér eftirfarandi samning um aðkomu vaktstöðvar Vegagerðarinnar á Suðursvæði að eftirliti og útkallsþjónustu fyrir vetrarþjónustu í Garðabæ í því skyni að auka áreiðanleika og hagkvæmni vetrarþjónustu.

1. gr.

Verkið

Vegagerðin starfrækir vaktstöð vetrarþjónustu. Með samkomulagi þessu verða forgangsleiðir vetrarþjónustu í Garðabæ (í meginatriðum stofnbrautir, tengibrautir og strætisvagnaleiðir) eins og nánar greinir í samningi þessum undir eftirlits- og útkallssvæði vaktstöðvar Vegagerðarinnar.

Vegagerðin:

- Sinnir færðarvöktun og útkallsþjónustu, allan sólarhringinn, fyrir athafnasvæði tveggja vetrarþjónustutækja (vörubifreiðar með moksturs- og hálkubarnabúnaði) á vegum í Garðabæ, í samræmi við vetrarþjónustureglur sem ákvarðaðar eru af sveitarfélaginu.
- Með færðarvöktun og útkallsþjónustu er átt við mat á aðstæðum byggt á fyrirbyggjandi upplýsingum og ákvörðun um útkall vetrarþjónustutækja í samræmi við það.
- Sinnir gagnamóttöku v/ferilvöktunar tækja, aðlagar svæðabekju fyrir uppgjör, og veitir sveitarfélaginu aðgang að þeim gögnum.
- Annast útsendingu rafrænna verkbeiðna frá boðunarkerfi vaktstöðvar og móttöku gagna um vinnutíma og verkmagn fyrir hvert útkall (dagskýrsla verktaka), og veitir sveitarfélaginu og verktaka aðgang að þeim gögnum eins og ákveðið er í verklagsreglum vaktstöðvar.
- Veitir sveitarfélaginu aðgang að öðrum dagbókarskráningum vaktstöðvar er varða verkið.
- Útvegar sveitarfélaginu Tetra talstöðvar í talhópakerfi Vegarðarinnar fyrir hvert þjónustutæki sem samningurinn nær til.
- Býður sveitarfélaginu upp á aðstoð við reglulegar úttektir á virkni áður nefndra þjónustutækja í samræmi við gæðakröfur Vegagerðarinnar, gegn greiðslu tilfallandi kostnaðar vegna úttekta.

Garðabær:

- Annast framkvæmd vetrarþjónustu á þeim leiðum sem samningur þessi nær til og hefur umsjón með vinnu áður nefndra vetrarþjónustutækja.
- Tilkynnir vaktstöð skriflega um breytingar á vetrarþjónustureglum.
- Tilnefnir lykilstarfsmenn sem koma að verkefninu og gefur allar nauðsynlegar tengiliðaupplýsingar.

- Veitir Vegagerðinni allar aðrar nauðsynlegar upplýsingar til þess að vaktstöð geti sinnt verkefninu, þ.m.t. kort og önnur gögn sem skilgreina vetrarþjónustureglur sem gilda hverju sinni.
- Hefur umsjón með vinnu vetrarþjónustuverktaka og sér til þess að þjónustutæki séu til reiðu til að sinna útköllum vaktstöðvar.
- Tekur ákvörðun um og ber alfarið ábyrgð á ráðstöfun þjónustutækja til aðgerða utan forgangsleiða og upplýsir vaktstöð þar um.
- Upplýsir Vegagerðina jafnharðan um athugasemdir eða umkvartanir sem tengjast þjónustu vaktstöðvar.

Aðilar samningsins eru sammála um að eftirlits- og útkallsþjónusta vaktstöðvar byggji hverju sinni á fyrirliggjandi upplýsingum sem í sumum tilvikum geta reynst ófullnægjandi. Einnig að mat á aðstæðum verði aldrei svo nákvæmt að ekki geti verið um vanmat eða ofmat á akstursaðstæðum í einhverjum tilvikum. Aðilar munu leitast við í sameiningu að bæta nákvæmni mats og gæði ákvarðanatöku.

2. gr.

Verktími

Þjónusta vaktstöðvar er að jafnaði bundin við tímabilið 1. október til 31. mars. Starfsemin kann að verða framlengd fram á vorið ef veðurfar er áfram risjótt að vori. Vaktstöðin starfar allan sólarhringinn á tímabilinu.

3. gr.

Kostnaður

Fyrir þá þjónustu sem skilgreind er í 1. og 2. gr. greiðir Garðabær Vegagerðinni kr. 4.300.000 árlega. Þóknunin greiðist jöfnum greiðslum á tveimur gjalddögum, 31. desember og 31. mars og uppfærist árlega m.v. launavísitölu Hagstofunnar 1. október. Launavístala 1. október 2016 er 588,3.

4. gr.

Gildistími

Samningur þessi er ótímabundinn, en uppsegjanlegur af báðum aðilum á tímabilinu 1. apríl til 31. maí ár hvert.

5. gr.

Varnarþing

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.
Samningsskjöl

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit og halda aðilar einu hvor um sig.

7. gr.
Fylgigögn

Yfirlit yfir gildandi þjónustuflokkun vega og gatna í Garðabæ.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar undir nöfn sín í votta viðurvist.

Staður/dags. _____

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. Garðabæjar

Vottar að rétttri dags. og undirritun aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala